

Fundur Minjaráðs Vesturlands

Tími: Miðvikudagur 11. september 2019 kl. 13:00-.

Staður: Bjarnarbraut 8, Borgarnesi.

Mættir: Þórhildur María Kristinsdóttir, Guðrún Jónsdóttir, Halla Steinólfsdóttir, Valdís Einarsdóttir, Ella María Gunnarsdóttir og Einar Brandsson, Magnús A. Sigurðsson og Óskar Ingi Ingason.

Fjarverandi: Hjördís Pálsdóttir og Guðveig Eyglóardóttir.

Í upphafi fundar óskaði Magnús eftir tilnefningum um aðila sem ættu skilið viðurkenningu fyrir ötul störf við minjavernd. Til stendur að veita slíka viðurkenningu á fundi Minjastofnunar í nóvember.

Því næst kynnti Magnús vinnu Minjastofnunar við heildarstefnu í minjavernd og í kjölfarið var fundargestum falið að skrifa niður eigin hugmyndir um viðfangsefni næstu ára, tækifæri til úrbóta og spurningar sem þarf að svara.

Eftir hugmyndavinnu safnaði Magnús saman miðunum, las þá upp hvern af öðrum og umræða um inntak miðanna rætt.

Fundi slitið kl. 15:00.